Vegna: Máls nr. 0580/2024, Kársnes Þróunarsvæði. Rammahluti aðalskipulags. (Kynning tillögu á vinnslustigi)

Athugasemd:

Efni: Athugasemd við vinnslu tillögu rammaskipulags – Kársnes Þróunarsvæði, nr. 580/2024

Undirrituð vill koma á framfæri mótmælum við eftirfarandi þætti í vinnslu tillögu rammaskipulagsins fyrir Kársnes Þróunarsvæði (nr. 580/2024):

Hækkun húss og aukið byggingarmagn við Bakkabraut 6
Breytingar á byggð á reit 11 mun hafa virkilega slæm áhrif á íbúa og fasteignaeigendur á Hafnarbraut. Þá sérstaklega íbúa að Hafnarbraut 9 og 11. Ef fyrirhugaðar breytingar á reit 11 og svo stórhýsin á reit 7 verða að veruleika verður búið að blokka allt útsýni sem þessar íbúðir hafa sem var jú stór ástæða fyrir kaupum margra þessara íbúða. Íbúðirnar verða lokaðar af í skugga og útsýni verður ekkert. Til að komast til móts við íbúa væri ráðlagt að hækka ekki Bakkabraut 6 heldur hafa hana í þeirri hæð sem hún er og endurskipuleggja þannig breytingarnar á atvinnuhúsinu. Fjárhagslegt tjón þessara íbúa sem þarna búa verður gríðarlegt svo ég tali nú ekki um fólk sem hafði ekki hugsað sér að búa þarna að eilífu að geta ekki keypt sér annað húsnæði þar sem virði eignar mun hríðfalla við þessar breytingar.
Almennt er fólk móttækilegt fyrir breytingum og stækkun hverfa en það verður að vera gert í sátt og samlyndi við íbúa sem eru undirstaðan að þessu hverfi. Miklir möguleikar eru á breytingu Bakkabrautar 6 án þess að hækka húsnæðið og þá samhliða yrði ekki skerðing á lífsgæðum íbúa Hafnarbrautar 9. Þetta er ekki íbúðarhúsnæði - heldur iðnaðarhúsnæði. Tilhæfulaus stækkun á húsnæði af þessu tagi yrði íbúum í kring óboðleg með öllu.
Vistsvæði við höfnina yrði mikill fögnuður og margt hægt að gera á því svæði. Það er pláss til breytinga og vel hægt að vinna saman með íbúum ef viljinn er fyrir hendi.

Sleppum því að endurtaka skandalinn með græna gímaldið í Álfabakkanum og afstýrum hækkun þessa húsnæðis strax í fæðingu.

Kársnestá
Fyrirhugað er að reisa kennileiti og 7-8 hæða íbúða húsnæði á Kársnestánni. Það er ekki ráðlegt að byggja upp slík háhýsi svo nálægt sjó, að þau skerði útsýni allra íbúðarhúsnæða í kring. Ráðlagt er að hús við sjó séu lágreist og að íbúðablokkir séu í samræmi við aðrar sem standa í hverfinu þ.e. 4-5 hæðir. Svæðið er einnig mikil sjávarperla og eru þau áform að fylla svæðið af háhýsum ekki í takt við markmið um að auka mannlíf og vistsvæði. Mannlíf blómstrar ef byggð við sjó er lágreist og hverfið trappi sig upp svo hægt sé að njóta náttúrunnar til hins ítrasta.
“Hjartað er í höfninni”. Það hljóta því að felast talsvert aukin lífsgæði í því að njóta fallegs útsýnis í stað þess að horfa á gráa steypu.

Undirrituð vonar innilega að Kópavogsbær hlusti á áhyggjur sinna íbúa og geti komið til móts við okkur að byggja upp samfélag þar sem allir eru sáttir og njóta góðs af því möguleikinn er til staðar.

Virðingafyllst,

Bylgja Hálfdánardóttir
Hafnarbraut 9

Höfundur: Bylgja Hálfdánardóttir/bylgja97@gmail.com

Sent inn þann: 21.02.2025 , **Fyrir hönd:**

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026